



Umhverfis og samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis  
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 16. apríl 2026

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál á 157. löggjafarþingi.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál, á 157. löggjafarþingi.

Samtökin fagna efnistöfum frumvarpsins og lýsa yfir ríkum stuðningi við þá viðamiklu og tímabæru kerfisbreytingu sem lögð er til. Samtökin hafa skilað umsögnum á fyrri stigum málsins og studdu framgöngu þess.<sup>1</sup> Með frumvarpinu er stigið mikilvægt skref til að einfalda regluverk, skýra ábyrgð og auka skilvirkni. Breytingarnar eru aðkallandi og í þeim felast einnig tækifæri til umbóta til framtíðar og bættri nálgun við framkvæmd eftirlits. Samtökin vilja ítreka og leggja ríka áherslu á þau sjónarmið sem fram komu í fyrri umsögnum samtakanna um endurskoðun fyrirkomulags eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum sem eru eftirfarandi og fjallað verður um nánar hér í framhaldi:

- Breytingarnar mega ekki leiða til aukins kostnaðar og flækjustigs fyrir atvinnurekstur við leyfisveitingar og eftirlit.
- Eftirlit og leyfisveitingar ráðast af áhættustýringu, gagnsæi og fyrirsjáanleika.
- Tryggja þarf virkt og samræmt eftirlit með aðilum sem skortir réttindi og/eða starfsleyfi og á það einnig við um veitingu starfsleyfa.

**Aukin skilvirkni með sameiningu eftirlits**

Í frumvarpinu er lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga í núverandi mynd verði aflagt. Eftirlit með matvælum færir alfarið til Matvælastofnunar en eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum auk útgáfu tengdra starfsleyfa færir til Umhverfis- og orkustofnunar. Þetta er í samræmi við áherslur og málflutning SI á fyrri stigum, en vinna við endurskipulagningu eftirlits hefur verið á döfni í fjölmörg ár. Samtökin hafa bent á að dreifð ábyrgð á eftirlitsverkefnum milli fjölda sjálfstæðra heilbrigðisnefnda eykur líkur á ósamræmi, tvíverknaði og óhagræði. Sameining eftirlits og starfsleyfaútgáfu er til þess fallin að tryggja samræmi svo

<sup>1</sup> [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-frumvarp-til-laga-um-breytingar-efnirlits-med-hollustuhattum-og-mengunarvornum-mal-s\\_3\\_2025-19-02-2026.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-frumvarp-til-laga-um-breytingar-efnirlits-med-hollustuhattum-og-mengunarvornum-mal-s_3_2025-19-02-2026.pdf) og <https://samradapi.island.is/api/Documents/31ee7ccf-7295-f011-9bcf-005056bcce7e>



allir atvinnurekendur búi við jafnræði, óháð því hvar á landinu starfsemi þeirra er staðsett.

### **Kröfur ESA um samræmt eftirlit**

SI leggja áherslu á að boðaðar breytingar eru ekki aðeins æskilegar út frá hagræðingu innanlands heldur eru þær nauðsynlegar vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur allt frá árinu 2010 ítrekað gert alvarlegar athugasemdir við skipulag opinbers matvælaeftirlits hér á landi. Skortur á samræmi og skýrri yfirstjórn í núverandi kerfi stangast á við skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist á grundvelli EES-samningsins.

Verði eftirlitskerfinu ekki breytt tafarlaust og brugðist við ábendingum ESA mun það hafa alvarlegar afleiðingar á matvælaframleiðslu héraendis. Óbreytt ástand gæti t.a.m. haft neikvæð áhrif á íslenskan matvælaíðnað, orðspor hans og möguleika til útflutnings. Samtökin fagna því að stjórnvöld bregðist nú loks við og lögfesti kerfi sem stenst skuldbindingar Íslands.

### **Lækkun kostnaðar með aukinni skilvirkni**

Lykilatriði við kerfisbreytingu sem þessa er að hún hafi í för með sér raunverulega hagræðingu. Samtökin hafa áhyggjur af þeim kostnaði sem Umhverfis- og orkustofnun annars vegar og Matvælastofnun hins vegar hafa í öðru eftirliti stofnað til að óþörfu og velt kostnaði yfir á atvinnulífið. Þó þjónustu- og eftirlitsgjöldum sé ætlað að standa undir kostnaði við veitingu þjónustu og framkvæmd eftirlits er það grundvallaratriði að kostnaði sé haldið í lágmarki enda hefur hann áhrif á samkeppnishæfni og verðlag. Eru þannig dæmi um að starfsmenn opinberra stofnana taki sér mun meiri tíma en eðlilegt er við framkvæmd þjónustu/eftirlits og að tímagjald starfsfólks opinberra stofnana sé hærra en tímagjald sérfræðings á almennum markaði. Nýleg dæmi eru um óhóflegar verktakagreiðslur vegna námskeiðahalds á vegum Umhverfis- og orkustofnunar sem fyrirtækin, sem þátttakendur, bera kostnaðinn af. Þá má einnig nefna breytingar á gjaldskrá Matvælastofnunar vegna eftirlits við slátrun sem ráðist var í með það að markmiði að einfalda framkvæmd og auka gagnsæi innheimtu. Þær breytingar voru aðeins til þess fallnar að einfalda framkvæmd og gagnsæi gagnvart Matvælastofnun en eftirlitskostnaður atvinnulífsins margfaldaðist í einhverjum tilfellum og skapaði ófyrirsjáanleika í kostnaði gagnvart rekstraraðilum. Samtökin leggja því áherslu á að breytt eftirlit verði viðhaft af ábyrgð, án aukins kostnaðar og skapi fyrst og fremst aukna skilvirkni og fyrirsjáanleika fyrir þjónustuþega, enda full þörf á. Samtökin vilja enn fremur vekja sérstaka athygli á eftirfarandi ábendingu í skýrslu starfshóps frá árinu 2025 við sviðsmynd 3:

*“Eftirlitskostnaður fyrirtækja í dreifbýlum landshlutum má ekki hækka við breytingarnar og gjaldskrár mega ekki valda ójafnræði. Sérstaklega er þörf á að skoða áhrif á eftirlitskostnað minni fyrirtækja og fyrirtækja á landsbyggðinni m.t.t. ferðakostnaðar við framkvæmd eftirlits.”*

Dæmi eru um að fyrirtæki sem eru undir annars konar eftirliti á vegum stofnana ríkisins hafi þurft að bera mun meiri eftirlitskostnað en fyrirtæki sem staðsett eru annars staðar á landinu og mikilvægt að komið sé í veg fyrir slíkt ójafnræði.



## **Leiðbeinandi hlutverk og þjónustumiðuð nálgun**

Aðildarfyrirtæki samtakanna hafa greint frá því að regluverkið sem starfsemi þeirra heyrir undir sé skýrt en það sé fremur framkvæmd eftirlits sem hefur valdið vandkvæðum. Dæmi eru um að ósamræmi þar sem mismunandi túlkun eða nálgun er beitt eftir landshlutum. Þá eru dæmi um að óþarflega stíð samskipti milli eftirlits og eftirlitsþega valdi töfum, kostnaði og skaða í rekstri. Með því að fela Umhverfis- og orkustofnun og Matvælastofnun framkvæmdina skapast tækifæri til að innleiða miðlæga og samræmdari samskiptamenningu. Samtökin fagna í því samhengi mjög tillögu um miðlægt stafrænt upplýsingakerfi.

SI leggja áherslu á að meginmarkmið alls eftirlits ætti að vera leiðbeinandi og þjónustumiðuð. Hlutverk eftirlits og úttektaraðila er ekki og á ekki að vera refsimiðuð stjórnæði sem leitar einungis að frávikum. Meginmarkmiðið á ávallt að vera að aðstoða atvinnurekendur við að koma af stað rekstri eða halda verkefnum gangandi, að gættum lögmæltum umhverfis- og heilbrigðiskröfum. Stofnanir verða að temja sér þjónustumiðuða og lausnamiðuða nálgun þar sem stuðningur ríkir til handa atvinnulífínu til að uppfylla lögbundnar kröfur og fyrirbyggja frávík. Atvinnurekendur eiga orðspor sitt og lífsviðurværi undir því að rekstur þeirra uppfylli staðla og kröfur um öryggi, heilnæmi og sátt við samfélagið. Eftirlitskerfi á grundvelli samstarfs og lausnamiðuðrar nálgunar þjónar því ekki bara hagsmunum atvinnulífsins heldur einnig samfélagsins í heild.

## **Umhverfis- og orkustofnun verði falið lögbundið eftirlit með réttindum við afgreiðslu umsókna um starfsleyfi ásamt eftirliti með réttindalausum**

Samtökin vekja athygli á því að ákvæðum laga um tilskyldar fagkröfur hefur ekki verið fylgt eftir og eru starfsleyfi fyrir leyfisskyldri starfsemi gefin út án þess að gætt sé að því að fyrirsvarsmaður rekstursins hafi til þess menntun og hæfni í samræmi við lagakröfur. Í lögum um handiðnað er til að mynda gerð skýlaus krafa um leyfi fyrir atvinnurekstri, sbr. 1.m gr. 2. gr., atvinnurekstur sem fellur undir reglugerð um löggiltar iðngreinar, nr. 940/1999, skal aðeins rekinn af iðnmeistara og ber meistarinn ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst, sbr. 2., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um handiðnað nr. 42/1978.

Samtökin vilja sérstaklega nefna að skortur á eftirliti með því að rekstraraðilar hafi þá menntun og faglega þekkingu sem krafist er, m.a. á sviði matvælaframleiðslu, snyrtifræði og hársnyrtiiðnar, hefur skert samkeppnishæfni þeirra sem starfa samkvæmt lögum og haft í för með sér alvarlegar afleiðingar. Vísast í því sambandi til umfjöllunar Kveiks í september 2025 um mansal og ólögmæta starfsemi á naglastofum. Aðilar sem hafa ekki tilskilda menntun, færni og réttindi eru líklegri til þess að uppfylla ekki öryggis- og gæðakröfur í samræmi við regluverk. Með virku eftirliti með lögbundnum kröfum og fagþekkingu má takmarka áhættu af starfsemi og þar með eftirlitsþörf. Mikilvægt er að Umhverfis- og orkustofnun verði falið lögbundið eftirlit við útgáfu starfsleyfa og þar á meðal hvort umsækjandi hafi tilskilin réttindi til reksturs. Jafnframt að stofnuninni verði falið samræmt eftirlit, þ.e. eftirlit með aðilum sem starfa á markaði án tilskilinna réttinda.

Í þessu ljósi leggja samtökin til að bætt verði við eftirfarandi orðalagi við 8. gr. frumvarpsins er varðar 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998:



**„Falli starfsemi undir lög um handiðnað nr. 42/1978 skal starfsleyfi ekki gefið út nema leyfi samkvæmt þeim lögum liggja fyrir.“**

Tryggja þarf að reglum sé fylgt í hvívetna og starfs- og rekstrarleyfi í eftirlitsskyldri starfsemi uppfylli lagakröfur enda má með því draga úr áhættu starfseminnar og eftirlitsþörf.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Björk Guðmundsdóttir'.

Lilja Björk Guðmundsdóttir  
yfirlögfræðingur